

KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1910
komudagur 16.4.2004

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15.4.2004
Tilvísun 111
RÞJ

Efni: Umsögn um 459. mál, breytingar á lögum nr. 2/1995/upplýsingar um hlutafélög


Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 22. mars síðastliðnum þar sem óskað er umsagnar Kauphallar Íslands um frumvarp til breytinga á lögum um hlutafélög nr. 2/1995, 459. mál, réttur alþingismanna til upplýsinga.

Tillögur frumvarpsins um breytingar á 91. gr. laga nr. 2/1995 lúta að auknum aðgangi alþingismanna og sveitarstjórnarmanna að upplýsingum frá hlutafélögum sem ríkið á að minnsta kosti 50% hlut í án þess að gerður sé greinarmunur á því hvort að slík félög hafi verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað eða ekki.

Kauphöll Íslands getur ekki mælt með því að frumvarpið nái fram að ganga í núverandi mynd. Ekki er hægt að fallast á að einstaka alþingismenn eða Alþingi fái í hendur eða fjalla um upplýsingar um einstaka útgefendur verðbréfa sem skráð hafa verið á skipulegan verðbréfamarkað séu upplýsingarnar til þess fallnar að hafa áhrif á verðmyndun þeirra bréfa. Hugtakið „opinbert málefni“ er ekki skilgreint í lögum 2/1995 en ekki er loka fyrir það skotið að hægt sé að teygja það yfir upplýsingar sem leynt skuli fara nema þær séu gerðar opinberar öllum með því að þeim sé miðlað til alls verðbréfamarkaðarins á sama tíma, þ.e. verðmótandi upplýsinga.

Veigamestu rökin fyrir ofangreindri fullyrðingu eru að samkvæmt lögum er útgefendum skráðra verðbréfa óheimilt að koma verðmótandi upplýsingum framfæri til annarra en nánar skilgreinds hóps fruminnherja og tímabundinna innherja nema með því að miðla þeim til skipulegs verðbréfamarkaðar sem miðlar þeim áfram til markaðsaðila, sbr. 24. gr. laga nr. 34/1998. Reglunni er ætlað að tryggja jafnan aðgang fjárfesta og almennings að verðmótandi upplýsingu en þeim er miðlað samtímis til allra í fréttakerfi Kauphallarinnar. Verðmótandi upplýsingar eru innherjaupplýsingar sem er m.a. óheimilt að miðla til þriðja aðila nema í algerum undantekningartilvikum, sbr. IX. kafli laga nr. 33/2003 um verðbréfiðskipti. Ofangreindum reglum er ætlað að tryggja veigamikla almannahagsmuni sem felast í trúverðugleika verðbréfamarkaðarins en ójöfn upplýsingagjöf er til þess fallin að skaða verðbréfamarkað og hafa neikvæð áhrif á seljanleika verðbréfa.

Hins vegar hvílir mjög rík upplýsingaskylda á útgefendum skráðra verðbréfa. Á grundvelli 17. og 24. gr. laga 34/1998 hefur Kauphöll Íslands sett reglur fyrir útgefendur verðbréfa í Kauphöll Íslands og á Tilboðsmarkaði Kauphallarinnar. Upplýsingagjöf skráðra hlutafélaga til hlutabréfamarkaðarins er mjög rík og má þar nefna að krafist er ítarlegra upplýsinga um greiðslur til stjórnar og æðstu stjórnenda, þ.e. bæði um launagreiðslur, kaup- og sölurétt og hvers kyns óvenjulega samninga. Reglurnar gera í öllum meginatriðum sömu kröfur til upplýsinga frá útgefendum skráðra verðbréfa og gerðar eru á helstu verðbréfamörkuðum heimsins og er ríkt eftirlit með því að þær séu virtar.



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Kauphöll Íslands telur ekki ástæðu til að tjá sig um aðgang Alþingis að upplýsingum um óskráð hlutafélög.

Virðingarfyllst,

Ragnar Þ. Jónasson,
lögfræðingur.